



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði vegna prófunar í tengslum við árshlutareikning

Festi hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði

Vísað er til samnings við staðfestingaraðila, dags. 6. október 2025, grunnlýsingu Festi, dags. 9. október 2025 og endanlegum skilmálum FESTI 050331, dags. 17. febrúar 2026. Hugtök sem skilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila og/eða lýsingum skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagsleg skilyrði, dags. 12. ágúst 2026.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagsleg skilyrði sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á með því að yfirfara forsendur og útreikninga í skýrslu útgefanda.

Útgefandi staðfestir að framangreindar aðgerðir séu viðeigandi við yfirferð á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði og uppfyllir þær kröfur sem koma fram í kafla 4 í framangreindum samningi við staðfestingaraðila.

Skyldur útgefanda eru skilgreindar í kafla 3 í framgreindum samningi.

Vinna staðfestingaraðila var framkvæmd í samræmi við uppfært og yfirfarið staðlað verklag ISRS 4400 staðalsins (e. International Standard on Related Services). Staðfestingaraðili starfar í samræmi við almennar siðareglur endurskoðanda og hefur uppfyllt viðeigandi kröfur laga um endurskoðendur og International Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code), þ.m.t. meginreglur um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og kröfur um sjálfstæði. Staðfestingaraðili er óháður útgefanda í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur.

Staðfestingaraðili hefur innleitt alþjóðlegan staðal um gæði, ISQM 1, sem inniheldur kröfur um að fyrirtækið hanni, innleiði og starfræki gæðastjórnunarkerfi, þ.m.t. stefnur eða verklagsreglur sem tryggja fylgni við siðareglur og aðrar gildandi reglur og lög.

Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 30. júní 2026 voru fjárhagsleg skilyrði eftirfarandi miðað við árshlutareikning:

Nettó skuldir/EBITDA 30. júní 2026	
Nettó skuldir samtals	27.744 m.kr.
EBITDA	16.047 m.kr.
Hlutfall	1,73

Fjárhagsleg skilyrði; Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA ekki hærri en 5 á prófunardegi

Eiginfjárhlutfall miðað við 30. júní 2026	
Eigið fé samtals	116.360 m.kr.
Heildareignir samtals	46.789 m.kr.
Eiginfjárhlutfall	40,2%

Fjárhagsleg skilyrði; Eiginfjárhlutfall að lágmarki 25% á prófunardegi

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum skilyrðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagsleg skilyrði því staðfest.

Reykjavík, 12. ágúst 2026

Fyrir hönd staðfestingaraðila,
KPMG ehf.